

Fundargerð

Viðtakandi:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

25. janúar 2022

Tilvísun: 202201122 / 5.0

Efni: Forsamráð vegna vindorkuvers í landi Klaustursels

Mætt:

Ketill Sigurjónsson frá Zephyr Iceland, Haukur Einarsson og Bergrós Sævarsdóttir frá Mannviti, Stefán Bogi Sveinsson og Sigurður Jónsson frá Múlaþingi og Egill Þórarinsson og Jakob Gunnarsson frá Skipulagsstofnun.

Kynning á áformum Zephyr

- Ketill Sigurjónsson kynnti Zephyr Iceland og Haukur Einarsson kynnti áform um vindorkuver að Klausturseli.

Rammaáætlun

- Stefán spurði um stöðu gagnvart rammaáætlun og Ketill benti á að óviss staða væri um rammaáætlun en ef ljóst væri að fyrirhuguð áform um vindorkugarð félli undir ákvæði laga um rammaáætlun myndi framkvæmdaraðili fara í það ferli.

Staða skipulagsmála

- Stefán benti á að heildargreining á vindorkukostum í Múlaþingi er í gangi og verður vonandi lokið fyrir kosningar í maí í vor og í kjölfarið mun sveitarfélagið taka afstöðu til kosta og þá m.a. hvort gert verði ráð fyrir fyrirhuguðum áformum að Klausturseli í aðalskipulagi Múlaþings. Vinna við nýtt aðalskipulag fyrir hið nýja sveitarfélag, Múlaþing hefst að öllum líkindum ekki fyrr en eftir kosningarnar en eðli málsins skv. tekur það langan tíma að klára nýtt aðalskipulag.
- Sigurður benti á að ljóst væri að greining á vindorkukostum væri umfangsmikil þar sem um mjög stórt sveitarfélag væri að ræða. Þá væri líka ljóst að það gæti tekið 3-4 ár að vinna nýtt aðalskipulag fyrir Múlaþing en benti á að það væri kostur að breyta núgildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs ef niðurstaða greiningar væri sú að vindorkuver að Klausturseli væri kostur
- Haukur taldi þá leið æskilegri en að bíða eftir nýju aðalskipulagi
- Egill benti á að miðað við þessa stöðu skipulagsmála væri ljóst að ekki myndi koma til samþættingar hvorki skýrslugerðar umhverfismats framkvæmdarinnar og skýrslugerð um umhverfismat skipulagstillögu né kynningu þessara gagna

Valkostir nálgun við mat

- Jakob benti á að fjalla þyrfti um valkosti í matsáætlun m.a. á hverju niðurstaða um stærð fyrirhugaðs vindorkuvers byggði.
- Ketill útskýrði hvernig komist væri að þeirri niðurstöðu og mun það verða rakið í matsáætlun.
- Stefán vakti athygli á því að leita til sérfræðiaðila á Austurlandi varðandi fuglarannsóknir, t.d. Náttúrustofu Austurlands og tóku bæði Haukur og Ketill undir það.
- Að öðru leyti kom fram að rannsóknir á fuglum myndu verða í samræmi við þær kröfur sem komið hafa fram í álitum Skipulagsstofnunar um matsáætlun um vindorkuvera að undanförunu.

- Jakob benti á mikilvægi þess að í matsáætlun verði birt sýnileikakort og að gera þyrfti ráð fyrir að leitað yrði til staðkunnugra og hagsmunaaðila um val á sjónarhornum við gerð ásýndarmynda.
- Stefán benti á að Stuðlagil væri í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði og mikilvægt væri að athuga með sýnileika vindmyllanna þaðan.

Fundi slitið